

Samningur um rekstur Félagsheimilis Súgfirðinga á Suðureyri

1. gr. Samningsaðilar og markmið

Hollvinasamtök Félagsheimilis Súgfirðinga, kt. 550409-0890, hér eftir nefnd Hofsú, annars vegar, og eigendur fasteignarinnar að Aðalgötu 13, Suðureyri, fnr. 212-6698, hér eftir nefnt félagsheimilið, Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Kvenfélagið Ársól, kt. 430169-0179, og Íþróttafélagið Stefnir, kt. 691097-2699, hins vegar, gera með sér svofelldan samning um rekstur félagsheimilisins, með það að markmiði að efla og auka félagsstarf og menningarlíf í Súgandafirði og styrkja rekstur, viðhald og uppbyggingu félagsheimilisins.

2. gr. Skyldur Hofsú

Hofsú skal sjá um rekstur fasteignarinnar, stjórnun og utanumhald viðburða, útleigu hússins og minniháttar viðhald, og sorpgjald fyrir eigin reikning.

Allur rekstrarafgangur skal renna óskiptur til viðhalds og endurbóta á húsinu.

Hofsú ber ábyrgð á rekstri og starfsemi hússins og því tjóni sem af henni kann að stafa upp að því marki sem eðlilegt getur talist. Hofsú skal uppfylla þau leyfi sem opinberir eftirlitsaðilar gera kröfu um vegna starfseminnar og greiða nauðsynleg gjöld þeirra vegna.

Hofsú skal tryggja að ásýnd hússins og umhverfis þess sé ávallt eins og best verður á kosið.

3. gr. Skyldur Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær skal greiða orkukaup vegna fasteignarinnar, þ.e. rafmagn og hita. Þá skal Ísafjarðarbær greiða millifærða leigu til Eignasjóðs og sameiginlegan kostnað, fasteignaskatt, lóðarleigu, vatnsgjald, fráveitugjöld eignarinnar, tryggingar og önnur opinber gjöld sem lögð eru á húsið.

Til hliðsjónar var kostnaður ársins 2021 eftirfarandi:

Mf. leiga til Eignasjóðs	kr. 10.316.736
Mf. þátttaka í sameiginlegum kostnaði	kr. 111.648
Orkukaup	kr. 1.272.236
Tryggingar	kr. 9.695
Fasteignaskattur	kr. 301.043
Lóðarleiga	kr. 46.350
Vatnsgjald	kr. 60.209
Fráveitugjöld	kr. 54.735
Alls	kr. 12.172.652

4. gr. Skyldur Kvenfélagsins Ársólar og Íþróttafélagsins Stefnis

Kvenfélagið Ársól og Íþróttafélagið Stefnir skulu leggja til vinnu við viðhald og rekstur hússins eftir þörfum og mati Hofsú hverju sinni eins og verið hefur fram að þessu.

5. gr. Samskipti

Allar breytingar og viðaukar sem gerðir eru við þennan samning skulu vera skriflegar og undirritaðar af báðum samningsaðilum.

Allar orðsendingar, tilkynningar og kvartanir, vegna samnings þessa skulu vera skriflegar og sendar með sannanlegum hætti.

Tengiliður Ísafjarðarbæjar við Hofsú vegna fasteignarinnar er sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs, en vegna rekstrar hússins sviðsstjóri stjórnslu- og fjármálasviðs. Tengiliður Hofsú skal vera formaður eða staðgengill hans.

6. gr. Gildistími og uppsögn samnings

Vanefni Hofsú skyldur sínar samkvæmt samningi þessum er öðrum eigendum fasteignarinnar heimilt að segja samningnum upp.

Samningur þessi gildir frá 1. jan. 2023 til 31. des. 2032 og er uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara af beggja hálfu.

7. gr. Önnur ákvæði

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.

Samningur þessi er gerður í fjórum samhljóða eintökum, eitt handa hverjum samningsaðila.

Suðureyri Ísafjarðarbæ 2. febrúar 2023

Valur Sæþór Valgeirsson, stjórnarformaður, f.h. Hofsú

Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri, f.h. Ísafjarðarbæjar

Guðrún Oddný Schmidt, stjórnarformaður, f.h. Kvenfélagsins Ársólar

Svava Rán Valgeirsdóttir, stjórnarformaður, f.h. Íþróttafélagsins Stefnis

